

**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**

**02 355**

**Ársreikningur 2021**

## **Efnisyfirlit**

**Bls.**

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum**

**kt. 660381-0159**

**Dalavegi 2, 900 Vestmannaeyjar**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framhaldsskólinn í Vestmanneyjum er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Hlutverk framhaldsskólans í Vestmanneyjum er að efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik. Skólinn leggur sérstaka áherslu á að gera nemendum kleift að stunda sem fjölbreyttast nám í sinni heimabyggð.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 1 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 412,0 milljónir og afkoma kr. -1,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 32,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 153,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Helga K. Kolbeins  
skólameistari

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	385.088.000	376.029.000
Aðrar tekjur .....	3	4.712.500	4.188.000
Seld þjónusta .....	4	215.253	68.621
Vörusala .....	5	3.063.000	2.970.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	6	5.592.726	1.224.904
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	13.291.164	12.888.763
<b>Tekjur samtals</b>		<b>411.962.643</b>	<b>397.369.288</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	7	307.290.426	283.998.530
Annar rekstrarkostnaður .....	8	92.562.862	92.641.140
Afskriftir .....	9	13.291.164	12.888.763
<b>Gjöld samtals</b>		<b>413.144.452</b>	<b>389.528.433</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(1.181.809)</b>	<b>7.840.855</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		0	89
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(5.180)	(5.130)
		(5.180)	(5.041)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(1.186.989)</b>	<b>7.835.814</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	10	222.042	464.268
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður .....		62.817.527	71.618.354
Farartæki og vélar .....		16.291.806	17.784.706
Aðrar eignir .....		728.309	836.155
		<u>79.837.642</u>	<u>90.239.215</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>80.059.684</u>	<u>90.703.483</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	12	802.458	801.603
Tengdir aðilar .....	13	49.763.352	10.718.525
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	14	1.079.490	187.542
Handbært fé .....	15	21.502.299	28.320.916
		<u>73.147.599</u>	<u>40.028.586</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>73.147.599</u>	<u>40.028.586</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>153.207.283</u>	<u>130.732.069</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	16		
Hrein eign .....		32.874.559	34.061.548
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>32.874.559</u>	<u>34.061.548</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	13	415.272	93.105
Viðskiptaskuldir .....		3.409.565	13.831.650
Ýmsar skammtímaskuldir .....	17	16.536.388	14.283.103
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	18	99.971.499	68.462.663
		<u>120.332.724</u>	<u>96.670.521</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>120.332.724</u>	<u>96.670.521</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>153.207.283</u>	<u>130.732.069</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	19		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(1.186.989)	7.835.814
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	9	13.291.164	12.888.763
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(13.291.164)	(12.888.763)
		<u>(1.186.989)</u>	<u>7.835.814</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(892.803)	747.887
Tengdir aðilar .....		3.429.975	(14.128.094)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(8.168.800)	(10.328.632)
		<u>(5.631.628)</u>	<u>(23.708.839)</u>
		<u>(6.818.617)</u>	<u>(15.873.025)</u>
		<u>(6.818.617)</u>	<u>(15.873.025)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	11	(2.647.365)	(9.773.133)
		<u>(2.647.365)</u>	<u>(9.773.133)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		2.647.365	9.773.133
		<u>2.647.365</u>	<u>9.773.133</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(6.818.617)	(15.873.025)
		<u>28.320.916</u>	<u>44.193.941</u>
		<u>21.502.299</u>	<u>28.320.916</u>
		<u>21.502.299</u>	<u>28.320.916</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innlest tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

## Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókuðum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningssskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

	2021	2020
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	385.088.000	376.029.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	13.291.164	12.888.763
	<u>398.379.164</u>	<u>388.917.763</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	406.700.000	0	0	406.700.000
Fjáraukalög .....	(25.000.000)	0	0	(25.000.000)
Launabætur .....	2.200.000	0	0	2.200.000
Millifært úr varasjóð .....	2.900.000	0	0	2.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	(1.712.000)	0	0	(1.712.000)
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>385.088.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>385.088.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(386.274.989)	0	0	(386.274.989)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(1.186.989)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(1.186.989)</b>

	2021	2020
<b>3 Aðrar tekjur</b>		
Sala á vöru og þjónustu .....	4.712.500	4.188.000
	<u>4.712.500</u>	<u>4.188.000</u>

<b>4 Seld þjónusta</b>		
Verksala .....	0	621
Ýmsar þjónustutekjur .....	32.267	0
Fræðslustarfsemi og fundir .....	182.986	68.000
	<u>215.253</u>	<u>68.621</u>

<b>5 Vörusala</b>		
Vörusala II .....	3.063.000	2.970.000
	<u>3.063.000</u>	<u>2.970.000</u>

<b>6 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Leigutekjur .....	1.250.000	160.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	2.320.000	80.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	1.862.226	794.404
Ýmsar tekjur .....	160.500	190.500
	<u>5.592.726</u>	<u>1.224.904</u>

<b>7 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	250.387.679	231.384.072
Orlof, breyting .....	1.457.678	(444.125)
Launatengd gjöld .....	53.687.017	51.120.415
Starfsmannakostnaður .....	1.758.052	1.938.168
	<u>307.290.426</u>	<u>283.998.530</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	26,6	26,2
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2021	2020
<b>8 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.244.165	845.418
Byggingarvörur, almennar ....	70.308	13.174
Ýmis tæki og áhöld ....	490.918	805.977
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	474.253	184.718
Orkugjafar ....	2.861.146	3.173.625
Matvæli ....	1.308.061	871.055
Almennar rekstrarvörur .....	1.764.718	2.892.092
Vörukaup, almenn	8.213.569	8.786.059
Kennslu- og föndurvörur .....	1.533.638	1.267.625
Vörukaup, sérgreind	1.533.638	1.267.625
Fundir, námskeið, risna .....	873.244	396.220
Ferðir, uppihald .....	1.207.565	1.311.974
Akstur .....	161.197	247.818
Sérfræðiþjónusta .....	6.783.700	7.451.086
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	102.626	67.294
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	368.542	753.541
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	271.429	904.184
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	9.768.303	11.132.117
Samningsbundin kaup og leiga .....	618.931	805.674
Afnotagjöld .....	5.311.774	4.639.048
Leigugjöld .....	63.094.389	62.093.443
Notkun véla og flutningatækja .....	20.335	185.280
Verkkaup .....	3.049.008	2.815.356
Kostnaðarhlutdeild .....	782.290	852.965
Opinber gjöld .....	65.625	41.573
Tilfærslur .....	105.000	22.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	73.047.352	71.455.339
Annar rekstrarkostnaður samtals	92.562.862	92.641.140
<b>9 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	11.448.192	11.063.385
Farartæki og vélar .....	1.492.900	1.475.306
Aðrar eignir .....	107.846	107.846
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	242.226	242.226
	13.291.164	12.888.763

## Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
<b>10 Óefnislegar eignir</b>		
Óefnislegar eignir .....	222.042	464.268
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2021:		<b>Hugbúnaður</b>
Stofnverð 01.01.2021 .....		1.211.131
		<u>1.211.131</u>
Niðurfært 01.01.2021 .....		746.863
Niðurfærsla ársins .....		242.226
		<u>989.089</u>
Staða 31.12.2021 .....		<u>222.042</u>

	31.12.2021	31.12.2020
<b>11 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	62.817.527	71.618.354
Farartæki og vélar .....	16.291.806	17.784.706
Aðrar eignir .....	728.309	836.155
	<u>79.837.642</u>	<u>90.239.215</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	107.002.975	21.499.594	1.281.454	129.784.023
Viðbætur á árinu .....	2.647.365	0	0	2.647.365
	<u>109.650.340</u>	<u>21.499.594</u>	<u>1.281.454</u>	<u>132.431.388</u>
Afskriftir 01.01.2021 .....	35.384.621	3.714.888	445.299	39.544.808
Afskrift ársins .....	11.448.192	1.492.900	107.846	13.048.938
	<u>46.832.813</u>	<u>5.207.788</u>	<u>553.145</u>	<u>52.593.746</u>
Staða 31.12.2021 .....	<u>62.817.527</u>	<u>16.291.806</u>	<u>728.309</u>	<u>79.837.642</u>

	31.12.2021	31.12.2020
<b>12 Viðskiptakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	802.458	801.603
	<u>802.458</u>	<u>801.603</u>
Viðskiptakröfur í íslenskum krónum .....	855	0
Viðskiptakröfur í erlendri mynt .....	801.603	801.603
	<u>802.458</u>	<u>801.603</u>

## Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

### 13 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	48.663.352	10.718.525
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	1.100.000	0
	<u>49.763.352</u>	<u>10.718.525</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	415.272	93.105
	<u>415.272</u>	<u>93.105</u>

### 14 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	772.321	38.993
Skattar .....	307.169	148.549
	<u>1.079.490</u>	<u>187.542</u>

### 15 Handbært fé

Tékkareikningar .....	8.945.868	12.791.241
Sparisjóðsreikningar .....	12.556.431	15.529.675
	<u>21.502.299</u>	<u>28.320.916</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 13,1 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

### 16 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2021 31.12.2020

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	34.061.548	26.225.734
Afkoma ársins .....	(1.186.989)	7.835.814
Jöfnuður 31.12. ....	<u>32.874.559</u>	<u>34.061.548</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagraðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2021 31.12.2020

### 17 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	15.556.882	14.099.204
Önnur ógreidd gjöld .....	979.506	183.899
	<u>16.536.388</u>	<u>14.283.103</u>

## Skýringar

### 18 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	80.059.684	90.703.483
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	19.911.815	(22.240.820)
	<u>99.971.499</u>	<u>68.462.663</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	90.703.483	(22.240.820)	68.462.663
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	44.800.000	44.800.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	2.647.365	(2.647.365)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(13.291.164)</u>	<u>0</u>	<u>(13.291.164)</u>
	<u>80.059.684</u>	<u>19.911.815</u>	<u>99.971.499</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 12,7 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

### 19 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 65,7 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 19,6 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.